

**Ed.**

**650. Frumvarp til laga**

[270. mál]

um aðstoð við þroskahefta.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

Samhljóða þskj. 556 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Málefni þroskaheftra heyra undir 3 ráðuneyti. Hjúkrunar- og sjúkradeildir heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, fræðsla undir menntamálaráðuneytið og önnur mál undir félagsmálaráðuneytið.

Sérstök deild innan félagsmálaráðuneytisins annast málefni þroskaheftra. Félagsmálaráðherra setur reglur um starfsemi og verksvið deildarinnar.

Ráðuneytin skipa sinn manninn hvert í stjórnarnefnd málefna þroskaheftra,

sem m. a. skal gæta þess, að ráðstafanir varðandi alla þjónustu við þá verði samræmdar. Auk þess skal Öryrkjabandalag Íslands tilnefna einn fulltrúa í nefndina og Landssamtökin þroskahjálp einn fulltrúa. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins er formaður nefndarinnar, sem skipuð skal til þriggja ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin úrskurðar ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar laganna, en vísa má þeim úrskurði til félagsmálaráðherra.

10. gr. hljóðar svo:

Ríkið starfrækir eina aðalgreiningarstöð, greiningarstöð ríkisins. Hlutverk hennar er fyrst og fremst:

- a) Rannsókn og greining á þroskaheftum, sem vísað er þangað.
- b) Tilvisanir til meðferðaraðila.
- c) Ráðgjöf fyrir foreldra, forráðamenn og meðferðaraðila.
- d) Skráning og varðveisla upplýsinga um þroskahefta í samvinnu við fræðslu- og heilbrigðisfyrirvöld.
- e) Leiktækjaþjónusta og uppeldisráðgjöf fyrir foreldra og forráðamenn.
- f) Leiðbeiningastarf og þjálfun starfsmanna, er annast þjónustu samkv. 5. gr., í samvinnu við svæðisstjórnir.

Á greiningarstöð ríkisins skulu starfa:

Forstöðumaður, sérmenntaður í uppeldi og umönnun þroskaheftra.

Læknar.

Sálfræðingar.

Félagsráðgjafar.

Sjúkraþjálfarar.

Sérkennarar.

Iðjuþjálfar.

Þroskaþjálfar.

Fóstrur auk aðstoðarfólks.

Heimilt er að fela starfandi stofnunum verkefni greiningarstöðvar ríkisins uns hún tekur til starfa.

12. gr. hljóðar svo:

Stofnanir fyrir þroskahefta skulu vera:

1. Deildir tengdar dagvistarstofnunum og leikskólum.
2. Göngudeildir, þar sem jafnframt skal veita eftirvernd.
3. Skammtímafósturheimili.
4. Leikfangasöfn.
5. Skóladaðagheimili.
6. Sambýli (Pensionöt).
7. Afþreyingarheimili.
8. Hjúkrunarheimili.
9. Verndaðir vinnustaðir ásamt vinnumiðlun.
10. Heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila.
11. Vistheimili.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um starfsemi þessa og verkskiptingu milli einstakra stofnana.

13. gr. hljóðar svo:

Umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum, sbr. 12. gr. skulu sendar viðkomandi svæðisstjórn. Svæðisstjórn heimilar vistun að höfðu samráði við forstöðumann, enda sé áður leitað umsagnar greiningarstöðvar ríkisins og hún mælt með vistun.

Sé um að ræða stofnanir, sem reknar eru af öðrum aðilum en ríkinu, skal jafnframt hafa samráð við stjórnir þeirra.

17. gr. hljóðar svo:

Ríkið skal sjá um að komið verði á fót þeim stofnunum, sem taldar eru upp í 12. gr., tölulið 2—9. Kostnaður greiðist úr Framkvæmdasjóði, sbr. 6. kafla. Sveitarfélög sjá um að koma upp deildum samkv. 1. tölul. 12. gr. og fer um þann kostnað í samræmi við lög nr. 112/1976.

Ríkið tryggir þroskaheftum ókeypis vist á þeim stofnunum, sem um getur í 12. gr., og greiðir alla þjónustu á þessum stofnunum.

Flutningur til og frá þjónustustofnun greiðist sem hluti af reksturskostnaði viðkomandi stofnunar.

Kostnaður samkv. 14. og 15. gr. greiðist úr ríkissjóði.

Niðurlag frv. (24.—32. gr. og ákvæði til bráðabirgða) hljóða svo:

## 6. KAFLI

### Framkvæmdasjóður.

#### 24. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra og er hann í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Hlutverk sjóðsins er að fjármagna þær framkvæmdir, sem taldar eru í 1. mgr. 17. gr., og aðrar framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu og endurhæfingar, einnig endurhæfingarstöðvar og dvalarheimili, sem ekki er fyrirsjáanlegt að fé verði veitt til úr þeim lána- og styrktarsjóðum, er um getur í lögum nr. 27/1970, eða á annan hátt, sbr. enn fremur 2. mgr. 26. gr.

#### 25. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Ríkissjóður skal árlega leggja sjóðnum til a. m. k. 1 000 milljónir króna. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu miðað við árið 1979 að grunni.
- b) Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
- c) Vaxtatekjur.

#### 26. gr.

Stjórnarnefnd, sbr. 3. mgr. 3. gr., annast stjórn sjóðsins. Hlutverk hennar er að ráðstafa fé sjóðsins í samræmi við ákvæði 24. gr., að fengnum tillögum ráðuneyta félagsmála og menntamála. Leita skal staðfestingar viðkomandi ráðherra, sbr. 52. gr. laga nr. 63/1974 og 5. gr. laga nr. 27/1970.

Heimilt skal þó að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra verkefna varðandi sérkennslu og endurhæfingu, sem ríki eða sveitarfélagi ber sannanlega ekki að greiða.

Við úthlutun úr sjóðnum skal taka sérstakt tillit til fjölda einstaklinga, sem úrlausnar þarfnast á hverju sviði og í hverju byggðarlagi. Varast ber að ráðast í óhæfilega mörg verkefni samtímis.

#### 27. gr.

Formaður stjórnarnefndar annast daglegan rekstur sjóðsins í skrifstofu félagsmálaráðuneytisins, nema ráðherra ákveði aðra tilhögun.

#### 28. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur stjórnarnefndinni í té árlega endurskoðaða áætlun um þörf stofnana vegna kennslu þroskaheftra, sbr. 52. gr. laga nr. 63/1974, og gerir tillögur um fjármögnun hennar. Ráðuneytið veitir sjóðsstjórn allar upplýsingar um kennslu þroskaheftra, þar á meðal um sérkennsluþörf í hverju byggðarlagi og í landinu öllu.

**29. gr.**

Félagsmálaráðuneytið í samráði við endurhæfingarráð lætur stjórnarnefnd í té áætlun og upplýsingar varðandi endurhæfingu. Þessir aðilar skulu gera reglulega könnun á þörfinni fyrir endurhæfingar- og vinnustöðvar með tilliti til hvers byggðarlags og landsins alls. Könnunin skal einnig ná til dvalarheimila.

Lána- og styrktarsjóðum þeim, sem um getur í endurhæfingarlögum, er skylt að veita stjórnarnefnd reglulega yfirlit yfir það fé, sem er til ráðstöfunar og fyrirhugað er að verja til framkvæmda.

**7. KAFLI**

**Ýmis ákvæði.**

**30. gr.**

Svæðisstjórnir og stofnanir samkv. 12. gr. skulu senda stjórnarnefnd reikninga yfir reksturinn ásamt skýrslu fyrir hvert almanaksár eigi síðar en fyrir lok febrúar ár hvert.

**31. gr.**

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

**32. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 53/1967 um fávítastofnanir, ásamt síðari breytingum að undanskildum lögum nr. 12/1977. Auk þess falla úr gildi öll ákvæði almannatryggingalaga nr. 67/1971 ásamt síðari breytingum, sem ekki samrýmast lögum þessum. Ennfremur ákvæði annarra laga, sem kunna að ganga í berhöggi við þessi lög.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þegar í stað skal hefjast handa um stofnun sérstakrar deildar í félagsmálaráðuneytinu, sbr. 2. gr., og skipun í stjórnarnefnd samkv. 3. gr. og svæðisstjórnir samkv. 4. gr., þannig að starfsemi þessara aðila verði að fullu hafin við gildistöku laganna.

Þær stofnanir, er starfa við gildistöku laganna, mega starfa áfram óbreyttar til ársloka 1982. Þær skulu eigi síðar en í lok september 1982 senda umsókn um starfsleyfi í samræmi við 16. gr. laganna og skal með umsókn fylgja nákvæm lýsing á fyrirhugaðri starfsemi.